

Ofbeldi verklag

Skilgreining á ofbeldi

Ofbeldi eru athafnir sem valda öðrum einstaklingi sársauka, andlegum eða líkamlegum, án tillits til þess hvort um er að ræða ásetning eða ekki. Andlegt ofbeldi er þegar orðum, útilokun og stríðni er beitt reglulega og veldur andlegum sársauka. Dæmi: Útilokun, uppnefna, nota ljótt eða niðrandi orðbragð, svipbrigði, fyrirlitning o.s.frv. Líkamlegt ofbeldi er þegar líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi, hvort sem líkamlegur skaði hlýst af eða ekki. Dæmi: Kýla, kyrkja, klóra, sparka, bíta, toga í hár, ógna o.s.frv.

Grunur um ofbeldi

Barn uppvíst að ofbeldi. Allar ábendingar um ofbeldi í skólum eru teknar alvarlega. Sá sem verður vitni að ofbeldi eða fær upplýsingar um ofbeldi vísar málinu til skólastjórnenda sem kanna málið. Þessi mál eru alltaf viðkvæm og mikilvægt að trúnaður ríki. Mikilvægt er að vinnsla mála gangi hratt fyrir sig. Upplýsinga er aflað og næstu skref metin. Ef málið telst ekki falla undir skilgreiningu ofbeldis er því vísað í viðeigandi farveg.

Samtal við foreldra

Hegðun ávörpuð. Ef skólastjórnendur telja líklegt að um ofbeldi sé að ræða er haft samband við foreldra geranda og þolanda. Óskað er eftir samþykki þeirra fyrir að skólinn vinni áfram með málið. Foreldrar eru vel upplýstir í öllu ferlinu og þess vænst að samstarf skóla og heimilis verði sem best.

Nánari upplýsingaöflun

Skipulag skráninga hefst og nota skal til þess atvikaskráningarblað um ofbeldi. Haldið er vel utan um allar skráningar, skráningar eru nákvæmar og geymdar í möppu hjá skólastjóra. Skráningar eru mikilvægar í sögulegu samhengi s.s. tíðni, staðsetning og aðstæður. Allar upplýsingar eiga að vera skráðar svo og málsatvik og samtöl.

Greining og mat

Sett er fram áætlun og verkaskipting. Ef könnun leiðir í ljós að um ofbeldi sé að ræða er rætt við foreldra þeirra barna sem talið er að standi að ofbeldinu en einnig viðkomandi börn. Eftir samráð við foreldra þarf að hafa samráð við þá aðila sem koma að barninu s.s. kennara, starfsfólk, starfsfólk frístundar og fleiri.

Lausnir

Eftir atvikum skal leitað eftir aðstoð eða ráðgjöf hjá Fræðslu- og lýðheilsusviði og/eða Velferðarsviði Akureyrarbæjar við úrlausn mála. Þegar öllum könnunum og ráðgjöf er lokið og niðurstöður liggja fyrir er tekin ákvörðun um framhald í samráði við málsaðila. Út frá gögnum og samstarfi við fjölskyldur er metið hvort málið er tilkynningarskylt til barnaverndar skv. 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80 frá 2002.

Framkvæmd aðgerða

Allir málsaðilar eru upplýstir um niðurstöðuna í samráði við viðkomandi foreldra. Aðgerðir eru vel kortlagðar. Markmið og leiðir skýrar. Hvort sem um er að ræða úrræði, þjónustu sérfræðinga, stuðning inn í bekk eða önnur hjálpargögn notuð s.s. hvatningabækur, hegðunarsamningar, félagsfærnisögur eða önnur umbunarkerfi. Líkamlegu inngripi er beitt í neyð en skriflegt samþykki foreldra er nauðsynlegt ef um endurtekna ofbeldishegðun er að ræða.